
Reykjavík, 3. nóvember 2026
USK26080368

Naustavogur 15 – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. september þar sem sótt er um leyfi til að byggja bátaskýli á lóð nr. 15 Við Naustavog.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag


Loftmynd, tekin úr Borgarvefsjá

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin við Naustavog 15 borgarhluta 4 Laugardalur og er hluti af strandsvæði, ST9 Elliðaárvogur.

Um Strandsvæði segir í aðalskipulagi Reykjavíkur:

> Strandsvæði (ST). Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki (gr. 6.2.w. í skipulagsreglugerð).

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Vogabyggð svæði 5, samþykkt í borgarráði 14. mars 20019, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að koma fyrir 1452,2 m^2 bátaskýli á suðvesturhorni lóðarinnar.

Samkvæmt deiliskipulagi er afmarkaður er byggingarreitur fyrir nýtt og stærra 1-2 hæða verkstæðishús fyrir þjónustu skemmtibáta á suðvesturhorni lóðarinnar. Í deiliskipulagi segir að að það megi að hámarki vera 1000 m^2 að flatarmáli og mesta hæð þess vera 12 m.

Á aðaluppdráttum er húsið sýnt vera 1452,2 m^2 og 7.62 m þar sem það er hæðst. Að auki nær húsið að hluta út fyrir byggingarreit.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að koma fyrir bátaskýli á lóðinni á byggingarreit sem ætlaður er fyrir verkstæði.

Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við staðsetningu hússins þar sem það nær út fyrir byggingarreit og sömuleiðis eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við það

byggingarmagn sem sýnt er á aðaluppdráttum Meter teiknistofu dags. 27. júlí 2026 þar sem hámarks byggingarmagn á þessum byggingarreit er 1000 m^2.

Niðurstaða

- Gerðar skipulagslegar athugasemdir við að koma fyrir bátaskýli á lóðinni í þeirri mynd sem sýndar eru á aðaluppdráttum Meter dags. 27. júlí 2026 þar sem að byggingin nær út fyrir byggingarreit og byggingarmagn er of mikið.
- Lagfæra þarf uppdrætti þannig að byggingarmagn sé innan byggingarreits og að hámarki 1000 m^2 að flatarmáli eins og kemur fram í skilmálum deiliskipulags.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri

Reykjavík